



Nefndasviðs Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

*Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra  
Suðurlandi*  
Alþingi  
Alþingi  
Erindi nr. *D 139/590*  
komudagur *1.12.2010*

Selfossi 01.12.2010

### **Frumvarp laga um málefni fatlaðra**

**um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.**

#### **Almennt um frumvarpið:**

Frumvarpinu er sérstaklega fagnað og þeim tímamótum sem eru framundan við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Einnig er það jákvætt að hafa sérstök lög um málefni fatlaðra og fella þau ekki inn í almenn lög að þessu sinni. Því er einnig fagnað að notendastýrið persónuleg aðstoð sé komin inn í lögin. Þetta er stórt skref í réttindabaráttu fatlaðs fólks. Einnig sáttmáli SP og réttindi fatlaðs fólks.

Hér á eftir fara athugasemdir við ákveðnar greinar frumvarpsins.

#### **Réttindagæsla**

Mjög gott er að gera breytingar á réttindagæslunni. Það fyrirkomulag sem hefur ríkt hefur ekki nýst sem skyldi hver svo sem ástæðan fyrir því er. Það á samkvæmt frumvarpinu að láta Svæðisráð hætta en halda trúnaðarmannakerfinu áfram um sinn. Ef það verður niðurstaðan þá er það æskilegt að núverandi trúnaðarmenn hætti og nýir komi að málum um leið og eftirlitið eykst. Það þarf að auglýsa eftir trúnaðarmönnum eftir ákveðnum kröfum og skilyrðum.

Gott að viðkomandi hafi ákveðna þekkingu á málefnum fatlaðs fólks. Svæðisráð falla niður og eftirlit færast til ráðuneytis. Gott fyrirkomulag þar sem ákveðin fjarlægð skapar öðruvísi tengsl við einstaklinginn.

Tryggja þarf að réttindagæsla nái einnig til þeirra sem búa í sjálfstæðri búsetu. Fólk í búsetuþjónustu hvort heldur eru heimili með sólarhringsþjónustu, sveitaheimili/sjálfseignarstofnanir, eða í sjálfstæðri búsetu. Lagt er til að nýir trúnaðarmenn verði ráðnir og endurskipulagt upp á nýtt. Nauðsynlegt er að eftirlitskerfið verði byggt upp á nýtt með nýjum trúnaðarmanni.

Vísað er til athugasemda Ríkisendurskoðunar um starfsemi svæðisráða og trúnaðarmanna þar sem eru tilmæli um að eftirlitið sé tekið til gagngerrar endurskoðunar.

## **Atvinnumál**

Ákveðið ósamræmi er núna þar sem skv. samkomulagi ríkis og sveitarfélaga er talað um að atvinnumál fatlaðra flytji til sveitarfélaga. Taka þarf ákvörðun um með hvaða hætti atvinnumál eiga að vera og hvort lög um vinnumarkaðsaðgerðir gildi áfram eða yfirumsjón atvinnumála fari undir sveitarfélög. Starfshópur eiga að skila af sér um mitt ár 2011 til að hægt sé að útfæra áherslur fyrir árið á eftir.

Inn í frumvarpið vantar atvinnuleit fyrir fatlaða sbr. 28.gr. núverandi laga.

Fatlaðir skulu eiga forgang að atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja. Þessari grein er fagnað og hluti af jafnréttismálum fólks.

## **Búseta fatlaðra**

Fatlaðir skulu eiga kost á þeirri félagslegu þjónustu sem gerir þeim kleift að búa „sjálfstætt“ á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þeirra og óskir eftir því sem kostur er.

Bæta inn orðinu sjálfstætt sem stendur fyrir en lögin þurfa jafnt að tryggja að þeir geti lifað sjálfstæðu lífi en um leið að sjálfræði þeirra sé virt.

## **Þjónusta við börn**

Ekki á að taka fram sérstaklega að fötluð börn eigi rétt á leikskóladvöl. Vísað er til leikskólalaga þar sem er ákvæði um að öll börn eigi rétt á dvöl á leikskóla. Ekki talið að taka þurfi þetta sérstaklega fram í lögum um málefni fatlaðra.

## **Félagsleg heimaþjónusta**

Tilgangurinn með því að sveitarfélög taki við þjónustu við fatlaða er að samþætta þjónustuna. Því er lagt til að það verði ákvæði um félagslega heimaþjónustu sem nær yfir frekari liðveislu og félagslega heimaþjónustu. Félagleg liðveisla verði áfram sér.

## **Skammtíavistun**

Nauðsynlegt er að skammtíavistun sé einnig í boði fyrir fullorðna. Ekki hafa ákvæði um „vegna erfiðra heimilisaðstæðna“. Lagt til að í staðinn komi „óski foreldrar eftir þjónustu vegna viðbótarálags á heimili og mikillar umönnunar“.


## **Ferlimál og ferðaþjónusta**

Tryggja þarf að sveitarfélög hafi þau viðmið í reglum sínum um ferðaþjónustu að bjóða fólki upp á ferðaþjónustu vegna ýmissa tómsunda, s.s. heimsóknir, námskeið, verslanir. Sjálfsagt er að innheimta kostnað á móti sambærilegt við kostnað sem fólk þarf að greiða í almenningsvagna. Um er að ræða þá aðila sem þurfa sérútbúna bíla sem fólk þarf vegna fötlunar sinnar og getur ekki nýtt sér almenningsgöngur.

[Óheimilt er að ráða í störf hjá sveitarfélögum, þ.m.t. byggðasamlögum, ríki eða einkaaðilum sem unnin eru í þágu þjónustu við fatlaða, hvort sem þjónustan er veitt á heimili hins fatlaða, á öðrum heimilum eða stofnunum, þá sem hafa hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, meðal annars að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Suðurlandi



---

Laufey Jónsdóttir framkvæmdastjóri